

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 396. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lögð eru til ný lög um váttryggingastarfsemi sem leysi af hólmi lög nr. 56/2010.

Samkvæmt athugasemdum er tilgangur frumvarpsins að aðlaga núgildandi lagaumhverfi að tveimur nýjum tilskipunum, 2009/138/EB og 2014/51/ESB, sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og svo síðarnefnda felur í sér kröfu um *fulla samræmingu*.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að fram hafi komið gagnrýni af hálfu Samtaka fjármálafyrirtækja á drög frumvarpsins sem birt voru á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Höfðu samtök bent á að frumvarpið fæli í sér ýmsar íþyngjandi lagareglur sem gangi lengra en umræddar tilskipanir þrátt fyrir að leitast væri eftir fullri samræmingu í lagaumhverfi aðildaríkjanna. Frumvarpshöfunda leitast við að réttlæta tilvist slíkra ákvæða með eftirfarandi umfjöllun: „Í gildandi lögum eru ýmis ákvæði sem ekki eru í tilskipuninni en talið er nauðsynlegt að hafa ýmis af þeim ákvæðum áfram í lögum þar sem umræddar reglur taka mið af váttryggingamarkaði hér á landi. Mikilvægt er að lagarammi fyrir váttryggingamarkað sé heildstæður og skýr og ákvæðin eru þess eðlis að þarft er að hafa þau áfram í löggjöf um váttryggingastarfsemi enda eru þau ekki talin of íþyngjandi fyrir váttryggingafélög sem starfa hér á landi. Reglur á váttryggingamarkaði þurfa að vera þannig úr garði gerðar að þær skapi sem mest öryggi fyrir váttryggingartaka og váttrygðða og það eru hagsmunir þeirra sem á að hafa í huga.“

Er ekki gerð grein fyrir því frekar hvað geri að verkum að rétt sé íslenskur váttryggingarmarkaður sæti öðrum og meira íþyngjandi reglum né hvernig hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að umrædd ákvæði séu ekki talin of íþyngjandi. Samtök atvinnulífsins hafa lagt ríka áherslu á að við lagasetningu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sé mikilvægt að í athugasemdum við frumvarpið komi fram ef reglubyrði sé þyngd frá grunnkröfum tilskipunar og ef ætlunin sé að halda í lagaákvæði sem fyrir eru og eru meira íþyngjandi en tilskipunin gerir ráð fyrir. Þá þykir einnig mikilvægt að gera sérstaklega grein fyrir ef ætlunin er að viðurlög og eftirlit séu meira íþyngjandi en lágmarkskröfur tilskipunarinnar.

Fá samtökin ekki séð að leitast hafi verið eftir því að öll frávik séu útskýrð og rökstudd og virðist því sem hér sé verið að auka á íþyngjandi regluverk sem fyrirtæki í landinu, enn og aftur, án þess að ljóst sé að meðalhófs hafi verið gætt. Er það í beinni andstöðu við fyrirheit stjórnvalda til íslensks atvinnulífs.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglora Halldórsdóttir